



Samtakahópurinn, fundur haldinn 29.01.2025 kl. 13:15 í

Fjörheimar félagsmiðstöð/ 88 húsið Hafnargötu 88

Mætt: Hafþór Barði Birgisson, Þormóður Logi Björnsson, Helga Hafsteinsdóttir, Dagný Sveinsdóttir, Svava Ósk Stefánsdóttir, Elín Rafnsdóttir, Silja María Albertsdóttir, Ljiridonna Osmani, Kristjana Atladóttir, Ragnhildur Birna Hauksdóttir, Kristján Freyr Geirsson og Gunnhildur Gunnarsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerðina

Fundargerð

Foreldrafundur

- Eins og fram kom í síðustu fundargerð hefur Samtakahópurinn áhyggjur af skjánotkun barna- og ungmenna og velti fyrir sér hvernig væri hægt að ná til foreldra varðandi eftirlit og öryggi. Rætt var um hugmyndir af foreldrafundum innan hvers grunnskóla. Hópurinn var sammála um það að fá Skúla Braga Geirdal frá Fjölmíðlanefnd til þess að koma og vera með erindi fyrir foreldra. Hópurinn óskar eftir því að erindið miði að fræðslu um jafnvægi í skjátíma, miðlalæsi og netöryggi barna í starfrænni tilveru. Í lok erindis mun starfsfólk Fjörheima stýra hópavinnu þar sem foreldrar munu fá tækifæri til að vinna bekkjarsáttmála um skjátíma og samfélagsmiðlanotkun barnanna. Tekin var ákvörðun um að bjóða foreldrum barna á yngsta stigi á foreldrafundinn þar sem líklegt er að flest þeirra séu ekki byrjuð á samfélagsmiðlum. Ef vel til tekst mun Samtakahópurinn bjóða foreldrum barna á miðstigi á foreldrafund eftir áramót. Hópurinn ákvað að sendur yrði út póstur á alla foreldra en þeir foreldra sem melda ekki komu sína fá símtal frá starfsfólki skólans.
Hafa þarf í huga að fá túlka og senda tölvupóstinn út á fleiri tungumálum en íslensku. Gunnhildur tók að sér að leggja lokahönd á skipulag og hafa samband við Skúla Braga Geirdal.
- Gunnhildur og Skúli Bragi hafa sett niður tillögur af dagsetningum og sent á alla námsráðgjafa grunnskóla Reykjanesbæjar. Flestir grunnskólar eru nú þegar búnir að finna tíma sem hentar sínum skóla.
Námsráðgjafar geta skráð sinn skóla hér:



https://docs.google.com/spreadsheets/d/1TBfdJweVZpy_RieYgguScPSoEwNRq3vOD3JnjilmZtU/edit?gid=0#gid=0

- Næsta skref er þá framkvæmdin en foreldrafundirnir munu fara fram dagana 10. – 13. febrúar.
- *Ákveðið var að skrifa aftur ítarlega um verkefnið í fundargerð þar sem það eru nokkrir nýir meðlimir innan hópsins.*

Kynning á forvarnarstarfi Stapaskóla

- Ljiridona Osmani námsráðgjafi Stapaskóla kynnti forvarnarstarf skólans. Áhersla var lögð á fræðslu í viku 6. Samtakahópurinn þakkar Ljiridonu fyrir greinargóða kynningu. *Glærur frá kynningunni fylgja með sem viðhengi.*

Kynning á forvarnarstarfi Akurskóla

- Þormóður Logi Björnsson aðstoðarskólustjóri Akurskóla kynnti forvarnarstarf skólans. Góðar umræður sköpuðust um forvarnarteymi grunnskólanna sem hefur verið að vinna að myndböndum og spurningarleik fyrir viku 6. Samtakahópurinn þakkar Þormóði Loga fyrir kynninguna.

Umræður/ önnur mál

- Gunnhildur Gunnarsdóttir forstöðukona Fjörheima fór yfir dagskrá Fjörheima félagsmiðstöðvar og bauð hópnum upp á sýningartúr um Fjörheima félagsmiðstöð en síðastliðnir mánuðir hafa farið í framkvæmdir á húsnæðinu sem hefur aldrei verið í jafn góðu standi og nú.
- Umræður sköpuðust um það að bjóða ákveðnum bekkjum að koma í heimsókn í Fjörheima á skólatíma með það að markmiði að kynna þeim fyrir húsnæðinu og starfseminni. Áhersla er lögð á að reyna að grípa þá nemendur sem ekki eru í skipulögðu íprótta- og tómsfundastarfi eftir að skóladegi lýkur.

Fundi slitið kl. 14:30

Næstu fundur: þriðjud. 25. feb. kl.14:00 í Ráðhúsinu